

Er norræn menning til í dag?



Frá blaðamannafundinum þar sem menntamálaráðherra kynnti ráðstefnuna *Rætur*. Á myndinni eru Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Eyþór Arnalds, forsvarsaður ráðstefnunnar.

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, kynnti nýlega ráðstefnuna [Rætur – stefnumót við norræna menningu](#) sem mun fara fram dagana 18.-19. nóvember nk. á Nordica hóteli í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið gengst fyrir ráðstefnunni í tilefni þess að Ísland hefur gengt formennsku í Norrænu

ráðherranefndinni þetta árið. Á Nordica hóteli mun fjöldi íslenskra og erlendra listamanna koma saman til að fjalla um norræna menningu í alþjóðlegu og nútímalegu samhengi. Leitast verður við að spegla norræna menningu í alþjóðlegu samhengi og er fyrirlestrum, umræðum og flutningi listamanna á verkum þeirra fléttað saman í samfellda tveggja daga dagskrá.

Óskað eftir þátttöku sem flestra

Tilgangur ráðstefnunnar er að ræða þýðingu hins norræna menningararfs fyrir alþjóðasamfélagið og þátt hans í að efla lista- og menningarlíf líðandi stundar. Í þeim efnum er sérstaklega horft til nýrrar kynslóðar listamanna á Norðurlöndum og sömuleiðis til þeirra listamanna sem eiga rætur sínar að rekja til annarra landa og menningarheima. Á ráðstefnunni er velt upp spurningum eins og:

- Er norræn menning til í dag?
- Á norræn menning erindi í menningu samtímans?
- Hvað er það sem gerir norræna menningu frábrugðna öðrum menningarstraumum?
- Er norræn menning kannski ekkert frábrugðin annarri menningu?
- Eiga „minimalismi“, rímur og popptónlist eitthvað sameiginlegt?

Sérstaklega er vonast eftir þátttöku og nærveru listamanna úr hinum ólíku listgreinum, starfsmanna lista- og menningarstofnana, stjórnmalamanna, fulltrúa fjölmiðla og síðast en ekki síst áhugasömum einstaklingum um vöxt og viðgang norrænnar menningar.

Fjöldi listamanna frá Norðurlöndum

Á meðal þeirra sem taka þátt í *Rótum* eru fjölmargir ungir listamenn frá Norðurlöndum sem starfa á alþjóðlegum vettvangi, óháðir áttögum eða landfræðilegum afmörkunum. Þar má m.a. nefna Íslendingana Einar Má Guðmundsson, Hilmar Örn Hilmarsson, Einar Örn Benediktsson, Dag Kára Pétursson, Ólaf Elíasson, Hilmar Sigurðsson, Valdimar Hafstein og Arnþór Birgisson. Á meðal erlendra þátttakenda eru Eyvör Pálsdóttir frá Færeyjum, Mikael Egelund Lee frá Danmörku, Sturla Gunnarsson frá Kanada, Birgitte Skov og Bo Erhardt frá Danmörku, Thomas McGovern frá Bandaríkjunum, Svante Beckman og Pelle Lidel frá Svíþjóð og Petri Sirviö frá Finnlandi. Auk þátttöku margra framangreindra í fyrirlestrahaldi og umræðum munu listamenn meðal annars kynna verkefni sín í kvikmyndagerð og margmiðlun, ritstörfum, tónlist o.fl.

Nánari upplýsingar um *Rætur* fást á vefnum [roots.is](#).

Nefnd um fjölmiðla

Menntamálaráðherra hefur skipað nefnd um fjölmiðla. Nefndinni er falið:

- að skoða þá þróun er á sér stað í evrópskri fjölmiðlalöggjöf
- að leggja mat á þá þróun sem framundan er á fjölmiðlaumhverfi jafnt á Íslandi sem í Evrópu m.t.t. stafrænna útsendinga
- að fjalla um markaðsstöðu og hlutverk Ríkisútvarpsins í samhengi við aðra fjölmiðla án þess þó að gera tillögur um breytingar á lögum um stofnunina, enda sérstök vinna þegar í gangi á vegum stjórnarflokkanna um þau mál
- að skoða samþjöppun eignarhalds á fjölmiðlum á Íslandi og gera tillögur um það, til hvaða aðgerða beri að grípa til að sporna gegn of mikilli samþjöppun á eignarhaldi
- að meta hvaða breytingar og nýmæli séu æskileg í íslenski löggjöf til samræmis við þá þróun og aðrar niðurstöður af almennri umfjöllun nefndarinnar.

Nefndina skipa:

Karl Axelsson, formaður, skipaður án tilnefningar,
Kristinn Hallgrímsson, skipaður án tilnefningar,
Hanna Birna Kristjánsdóttir, skv. tilnefningu Sjálfstæðisflokksins,
Pétur Gunnarsson, skv. tilnefningu Framsóknarflokksins,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, skv. tilnefningu Samfylkingarinnar,
Kolbrún Halldórsdóttir, skv. tilnefningu Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs,
Magnús Þór Hafsteinsson, skv. tilnefningu Frjálslynda flokksins.

Mælst er til þess að nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. febrúar nk.



Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, setti ráðstefnuna [Ungt fólk og lýðræði](#) sem haldin var á Hótel Selfossi nýverið. Í ávarpi sínu sagði ráðherra m.a. að lýðræði væri einn af helstu hornsteinum okkar samfélags og þátttaka og virkni norrænna ungmenna hefur ávallt verið mikil. Lýðræði byggir á að við borgararnir tökum þátt í hinni samfélagslegu umræðu og látum til okkar taka. Það að vera í ungliðastarfi stjórnmalaflokkanna eða taka þátt í félagsstarfi á vettvangi framhaldsskóla, háskóla eða í starfi íþróttafélaga eða æskulýðssamtaka væri allt liður í að vera virkur borgari. Ráðherra sagði að áriðandi væri að áhersla á samfélagslega þátttöku hæfist strax á fyrstu árum skólagöngunnar.

Að ráðstefnunni stóðu menntamálaráðuneyti og [Norræna æskulýðsnefndin](#) (NUK) í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, en samhliða fer Ísland með formennsku í Norrænu æskulýðsnefndinni. Markmiðið með ráðstefnunni var að ræða leiðir og möguleika ungs fólks til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi á Norðurlöndum og möguleika þess til að hafa áhrif á ákvarðanatöku um málefni sem varða það.

Rúmlega 100 þátttakendur frá öllum Norðurlöndunum, þ.m.t. sjálfstjórnarsvæðunum, tóku þátt. Þeir voru á öllum aldri og var sá yngsti aðeins 14 ára gamall.

Í tengslum við ráðstefnuna skipulagði [Íslandsdeild UNICEF](#) kvikmyndasmíðu fyrir ungt fólk undir yfirskriftinni „Lýðræði og þátttaka“. Ungt fólkíð sem tók þátt í kvikmyndasmíðunni sótti einnig ráðstefnuna.

Öll ráðstefnugögn verða aðgengileg á vef ráðstefnunnar [ungdeltagelse.is](#). Auk þess verður gefin út margmiðlunardiskur sem verður sendur m.a. til sveitarfélaga og ríkisstjórna á öllum Norðurlöndunum.

